

Föstudaginn 2. júní 1978.

Nr. 194/1978. **Alexander Sigurðsson og
Sigurður Guðbrandsson**
 gegn
Landsbanka Íslands.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjendur, Alexander Sigurðsson og Sigurður Guðbrandsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. júní 1978.

Nr. 146/1977. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Eðvarð Lövdahl
 (Jón Oddsson hrl.).

Rangar sakargiftir. 149. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.
 Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um refsingu ákærða. Bætur til Arnar Helgasonar úr hendli ákærða þykja hæfilega ákveðnar 75.000 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Eðvarðs Lövdahl, og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð. Ákærði greiði Erni Helgasyri 75.000 krónur.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1977.

Ár 1977, föstudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfir-sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 184/1977: Ákæru-valdið gegn Eðvarð Lövdahl, sem tekið var til dóms 10. mars.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 2. desember 1976, gegn Eðvarð Lövdahl, Háteigsvegi 42, fæddum 12. desember 1937 í Reykjavík,

„fyrir brot samkvæmt 149. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er gefið að sök að hafa um kl. 19.00 sunnudaginn 13. júní 1976 borið fram vísitandi ranga kæru við lögregluna í Reykjavík þess efnis, að Örn Helgason, sálfræðingur, Miðvangi 12, Hafnarfirði, hefði þá skömmu áður ógnað sér með skammbyssu í húsinu nr. 12 við Unnarbraut á Seltjarnarnesi og hefði síðan ekið á brott í bifreið sinni, vopnaður fyrrnefndri byssu, ölvaður eða undir áhrifum lyfja.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafa kemur fram um þær, og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu hefur Örn Helgason, Miðvangi 12, Hafnarfirði, krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 200.000 kr. í fébætur fyrir óþægindi og hugsanlegan álitshnekk. Krafa þessi verður tekin til úrlausnar skv. 145. gr. laga 74/1974.

Málsatvik.

Um eða laust eftir kl. 1900 sunnudaginn 13. júní f. á. barst fjarskiptastöð lögreglunnar í Reykjavík tilkynning um, að mað-

ur að nafni Örn Helgason hefði ekið bifreiðinni G 7096 frá Unnarbraut 12, Seltjarnarnesi, og verið ölvaður eða undir lyfjaáhrifum og auk þess vopnaður skammbyssu. Tilkynning var send til allra lögreglubifreiða. Lögregluþjónarnir Kjartan Óskarsson og Ellert Jón Jónsson, sem voru á ferð um Snorrabraut í lögreglubíl, óku nú vestur Hringbraut og mættu G 7096 við Melatorg, en hún var á austurleið. Þeir sneru við og eltu bifreiðina með ljósmerkjum og hljóðmerkjum og stöðvuðu hana móts við Hljómskálagarð. Ökumaður var Örn Helgason sálfræðingur, Miðvangi 12, Hafnarfirði. Ekki bær hann nein merki ölvunar né annarlegra áhrifa. Hann féllst á að koma á lögreglustöðina. Þar var með samþykki Arnar leitað á honum og í bifreið hans, og fundust engin skotvopn né skotfæri.

Örn hafði verið að koma frá Unnarbraut 12 á Seltjarnarnesi. Þar býr fyrrverandi kona hans, Valgerður Þóra Benediktsson, og börn þeirra. Þau Valgerður Þóra höfðu skilið árið 1974. Ákærði, Eðvarð Lövdahl, hafði kynnst Valgerði Þóru, eftir að hún og Örn skildu, og síðan komið oft til hennar, og hafði hann verið heima hjá henni umræddan dag, er Örn kom þangað, og var það hann, sem hringt hafði til lögreglunnar og stofnað til handtöku Arnar.

Þykir nú rétt að greina frá framburði ákærða og Arnar og rekja að því búnu framburði annarra vitna.

Ákærði skýrir svo frá, sem fyrr segir, að hann hafi verið tíður gestur hjá Valgerði Þóru um þessar mundir, en þó ekki búíð hjá henni. Hann segir, að stundum hafi svo borið við, að hann hafi verið þar, er Örn Helgason hafi komið þangað. Ekki hafi komið til illdeilna milli þeirra, einungis smávægilegs orðaskaks. Sér hafi hins vegar verið kunnugt um, að Valgerður Þóra hafi áður orðið fyrir margs konar áreitni af hálfu Arnar. Umræddan dag kveðst ákærði hafa verið heima hjá Valgerði Þóru og staddur í skála hússins, er Örn Helgason hafi komið inn. Annað hvort hafi húsið verið ólæst eða Örn haft lykil að húsinu. Ákærði segir, að Örn hafi verið með „einhvern hlut“ í hendinni, sem hann hafi beint að honum (Eðvarð), og kveðst ákærði hafa haldið, að hér væri um byssu að ræða. Örn hafi síðan viðhaft einhver ummæli í þá átt, að ef þær fógetaaðgerðir, sem hann hefði beðið um, næðu ekki fram að ganga, mundi hann beita öðrum ráðum. Að því búnu hafi hann rokið á dyr.

Ákærði segir, að Örn hafi verið búinn að biðja um, að hann yrði borinn út úr húsi Valgerðar Þóru með fógetavaldi.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi borið fram kæru sína

fyrir lögreglunni í góðri trú. Hann hafi verið hræddur við Örn og talið hann til alls vísan. Hann hafi talið hann vera undir annarlegum áhrifum. Þó kannast hann við, að hann hafi ekki fundið vínlykt af honum. Sjálfur kveðst ákærði hafa verið lítillga undir áhrifum áfengis.

Örn Helgason kveðst hafa komið heim til Valgerðar Þóru og minnir, að húsið væri ólæst, en annars hafi hann haft lykil undir höndum. Þegar hann hafi komið inn í skála hússins, hafi ákærði verið þar að tala í síma. Þá hafi hann strax ákveðið að tefja ekki lengur og farið út úr húsinu. Hann mótmælir því eindregið, að hann hafi átt nokkur orðaskipti við ákærða. Örn kveðst engu hafa otað að ákærða. Hugsanlegt sé einungis, að hann hafi haft reykjarpípu sína í hendinni.

Vitnið Valgerður Þóra Benediktsdóttir (sic) segir, að Örn og ákærði hafi hist í skála hússins og hafi þeir átt einhver orðaskipti, er hún kann þó ekki að lýsa nánar. Valgerður Þóra segir, að Örn hafi ekki verið með neitt, sem líktist byssu, nema ef til vill pípu sína. Örn hafi horfið svo til strax brott. Þá hafi ákærði rokið strax í símann og sagst ætla að láta lögregluna hirða Örn fyrir ölvun. Í skýrslu, sem Valgerður Þóra gaf fyrir rannsóknarlögreglu og hefur staðfest fyrir dómi, hefur hún eftir ákærða orðin: „því ég ætla að stríða honum svolítið.“ Hún tók þetta sem gaman hjá ákærða, en kveðst hafa vitað, að hún gæti ekki afstýrt því, að hann hringdi. Hún telur ákærða hafa verið eitthvað kenndan, en ekki drukinn, svo á honum sæi.

Annar lögregluþjóna þeirra, sem handtóku ákærða, Ellert Jón Jónsson, hefur komið fyrir dóm sem vitni, en til hins (Kjartans Óskarssonar) náðist ekki. Ellert segir, að þeir hafi stöðvað bifreið Arnar og handtekið hann síðan með þeim hætti, sem við eigi, ef grunur leikur á, að maður sé vopnaður. Þeir hafi leitað lauslega á honum, en þar sem ekkert hafi bent til þess, að hann væri vopnaður, og engin merki ölvunar sést á honum, kveðst Ellert strax hafa beðið hann afsökunar. Ellert kveður Örn ekki hafa verið æstan né að öðru leyti í óeðlilegu ástandi, en þó hafi hann virst eitthvað miður sín, er lögregluþjónarnir komu að honum, og telur Ellert Jón það eðlileg viðbrögð eins og á stóð. Örn hafi komið fúslega með þeim yfir í lögreglubifreiðina og síðan á lögreglustöðina.

Vitnið Magnús Einarsson aðalvarðstjóri skýrir svo frá, að tilkynningin um ökumann G 7096 hafi fyrst borist í hinn almenna lögreglusíma. Síðan hafi einnig verið hringt í síma 11242, og

svaraði Magnús þá sjálfur. Sá, er í símanum var, kynnti sig sem Eðvarð Lövdahl, og erindi hans var að ítreka kæru þá, er hann hafði áður borið fram, og kvaðst hann mundu kæra Magnús til lögreglustjóra, ef kærinni yrði ekki sinnt. Magnús segir, að þegar komið var með Örn Helgason á lögreglustöðina, hafi hann verið í nokkru uppnámi, en þó komið mjög kurteislega fram og leyft fúslega, að leitað yrði á honum og í bifreiðinni. Meðan þessu fór fram, hringdi ákærði enn í síma vitnisins og áréttaði kæru sína og gaf Magnúsi síðan samband við Örn Clausen hæstaréttarlögmann, sem kominn var til ákærða eftir beiðni hans. Magnús kveðst hafa sagt Erni Clausen, hvernig komið væri og verið allþungorður í því sambandi. Örn Clausen hafi þá beðið hann að bíða í símanum, því hann ætlaði að láta ákærða biðjast afsökunar. Hafi ákærði síðan komið í símann og beðist innilega afsökunar á því ónæði, sem hann hefði valdið. Magnús staðfestir, að engin vopn né skotfæri hafi fundist í fórum Arnar Helgasonar og hann hafi engin merki borið um áfengisneyslu.

Vitnið Örn Clausen segir ákærða hafa hringt til hans og beðið hann um að koma að Unnarbraut 32 og hafi hann gert það. Þar hafi ákærði og Valgerður Þóra verið fyrir. Ákærði hafi haldið því fram, að Örn Helgason hefði verið þarna á ferð og otað að sér byssu. Örn Clausen kveðst hafa dregið í efa, að þetta gæti verið rétt, en ákærði setið við sinn keip. Örn minnir, að Valgerður Þóra segðist hafa séð Erni Helgasyni bregða fyrir, en þó ekki með neina byssu. Örn Clausen man eftir símtali við lögregluvarðstjórann, sem skýrði honum frá því, að Örn Helgason hefði reynst óvopnaður og ekkert við hann að athuga. Kveðst Örn þá hafa hvatt ákærða til þess að biðjast afsökunar.

Örn Clausen segist einu sinni áður hafa komið á Unnarbraut 32 eftir beiðni ákærða og hafi Örn Helgason verið þar staddur og einnig menn úr barnaverndarnefnd Seltjarnarness. Þarna hafi komið til einhverra orðahnippinga milli ákærða og Arnar Helgasonar og Örn kallað hann ýmsum illum nöfnum, svo sem vanaafbrotamann.

Magnús Einarsson hafði hringt til Ingimundar Kristjáns Helgasonar, varðstjóra í lögreglunni á Seltjarnarnesi, og Ingimundur farið að Unnarbraut 32 og hitt Valgerði Þóru og ákærða. Telur Ingimundur ákærða hafa verið áberandi ölvaðan og hafi hann haldið því fram, að Örn Helgason hefði otað að sér skammbyssu. Ingimundur kveðst hafa spurt Valgerði Þóru, hvort Örn hafi verið með byssu, en hún svarað því neitandi og sagt, að ekkert mark

væri takandi á ákærða. Valgerður Þóra hefur, er hún bar vitni í málinu, neitað því, að hún hafi viðhaft ummæli þessi við lög-regluvarðstjórnann.

Niðurstöður.

Ákærði bar fram við lögreglu kæru á hendur Erni Helgasyni fyrir tvenns konar refsivert athæfi, þ. e. að hann hefði ógnað honum með byssu og að hann hefði ekið bifreið ölvaður eða í annarlegu ástandi. Hvor tveggja þessara sakargifta reyndist einber uppspuni. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi verið í góðri trú, haldið sjálfur, að Örn hefði verið með byssu og að hann væri í annarlegu ástandi. Þetta fær að álitu dómsins ekki staðist. Fullsannað þykir, að Örn hafi ekki verið með byssu meðferðis, og á þeirri tilgátu, að ákærði kunni ranglega að hafa álitnið einhvern annan hlut, sem Örn hafi haldið á (svo sem reykjarpípu), vera byssu, verður með engu móti tekið mark á. Verður litið svo á, að ákærði hafi kært Örn Helgason fyrir athæfi, sem honum var sjálfum ljóst, að Örn var ekki sekur um. Eftir vætti lögreglu-manna var ástand Arnar ekki á neinn hátt annarlegt.

Kæran leiddi til þess, að lögregluþjónar eltu Örn Helgason, handtóku hann síðan á þann hátt sem um vopnaðan mann gæti verið að ræða. Telja verður, að þessar aðgerðir lögreglunnar hafi verið Erni mjög tilfinningalegar og valdið honum óþægindum og miska, þótt lögregluþjónar hafi sýnilega hagað aðgerðum sínum af fyllstu gætni.

Ákærði er einungis saksóttur samkvæmt 149. gr. almennra hegningarlaga, og þykja ekki skilyrði til þess skv. 118. gr. laga 74/1974 að taka til úrlausnar, hvort hátterni ákærða varði við 148. gr. sömu laga um rangar sakargiftir, enda eru refsimörk þeirrar greinar öll önnur en í 149. gr. segir. Verður ákærði þannig dæmdur í refsingu skv. 149. gr.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

- | | | |
|------|-------|--|
| 1968 | 5/1 | 3 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir brot gegn 248. og 261. gr. hegnl. |
| 1968 | 31/7 | 10 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot. |
| 1969 | 15/10 | Sakfelldur fyrir brot gegn 246. gr. hegnl., en refsing ekki dæmd. |
| 1970 | 4/3 | 30 daga varðh. fyrir brot gegn 259. gr. hegnl. og umferðarl. |
| 1973 | 4/12 | 3 mán. skilorðsb. fangelsi fyrir brot gegn 247. gr. hegnl. |

Ákærði hefur einnig nokkrum sinnum sæst á greiðslu sekta, er hér skipta ekki máli.

Refsing ákærða verður ákveðin varðhald 45 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga ber að taka til greina kröfu Arnar Helgasonar um fégjald fyrir hneisu og óþægindi, sem atferli ákærða olli honum. Verður fjárhæð bóta ákveðin 100.000 kr.

Samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 35.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Eðvarð Lövdahl, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði greiði Erni Helgasyni 100.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 35.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar héraðsdómslögmanns.

Miðvikudaginn 7. júní 1978.

Nr. 84/1977. **Ríkisútlit**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Dóru Hafsteinsdóttur

(Skúli Pálsson hrl.).

Orlof. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Afrýjandi hefur afrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1977. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.